

SAMSTARFSSAMNINGUR GARÐABÆJAR OG HESTAMANNAFÉLAGSINS SÓTA

Garðabær, kt. 570169-6109, og Hestamannafélagið Sóti, kt. 680296-3409 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

1. Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á barna og ungmennastarfi Sóta á félagssvæði þess í Garðabæ.

Sóti skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt starf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi starfseminnar er haft að leiðarljósi. Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum sem greinast í rekstrarreikningum félagsins.

2. Áherslur í starfi Sóta

Sóti tekur að sér á fræða, leiðbeina og þjálfra börn og ungmenni á Álftanesi í hestamennsku og hestaíþróttum

Lögð skal áhersla á að á vegum Sóta verði rekið fjölbreytt barna- og ungmennastarf og að tekið verði mið af stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og ungmenna. Stjórn Sóta ber ábyrgð á að félagið uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.

Félagið skal sýna fram á árangur af félagslegri og fjárhagslegri starfseminni sinni í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

Í starfi félagsins skal lögð áhersla á eftirtalin atriði:

- Leggja áherslu á menntun og hæfni þjálfara/leiðbeinenda.
- Markviss fræðsla barna og unglinga um gildi reglulegrar ástundunar hestaíþróttar.
- Fjölga þátttakendum í íþrótt- og æskulýðsstarfi Sóta.
- Markvisst innra félagsstarf fyrir börn og ungmenni. Sem dæmi: reiðnámskeið og samstarf við leik- og grunnskóla
- Markviss þátttaka foreldra í starfi barna og ungmenna.
- Þátttaka Sóta í samfélagsverkefnum s.s. fjölskyldudegi á Álftanesi, 17. júní hátíðahöldum, „æskan og hesturinn“ á höfuðborgarsvæðinu og árlegi umhverfisdagur í Garðabæ.

3. Greiðslur til Sóta vegna verkefnisins (06-890-9914)

Á gildistíma samnings þessa, þó ekki fyrr en eftir móttöku ársreiknings Sóta og greinargerð um starfsemi félagsins á síðasta starfsári, greiðir sveitarfélagið árlega **kr. 700.000,-** sjöhundruð þúsund 00/100, fyrir framkvæmd samningsins. Fjárhæðir framlaga hvers árs skulu endurskoðaðar við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar. Framlögin skulu greidd samkvæmt greiðsluáætlun sem fjármálastjóri Garðabæjar gerir í umboði bæjarstjóra.

4. Aðalstjórn félagsins ber alfarið ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Aðalstjórn ber einnig ábyrgð á að halda aðalfund í félaginu samkvæmt lögum þess.
5. Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita samning við félagið um að vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.
6. Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.
7. Stjórn Sóta annast samræmingu á starfsemi félagsins og ber að standa að erindum þess til Garðabæjar. Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar (ÍTG) kemur fram fyrir hönd Garðabæjar varðandi nánari framkvæmd samnings þessa. Íþróttafulltrúi Garðabæjar annast dagleg samskipti við Sóta varðandi framkvæmd samningsins. Framkvæmdastjóri/formaður kemur fram fyrir hönd Sóta varðandi dagleg samskipti við Garðabæ og nánari framkvæmd samnings þessa.
8. Sóti hefur til umráða aðstöðu í félagshúsi sínu og hestaíþróttamannvirki við Breiðumýri. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem hestaíþróttasvæði. Allar leyfisskyldar framkvæmdir eru háðar því að áður hafi farið fram grenndarkynning samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
9. Við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana sveitarfélagsins á næstu árum munu áfram verða til umfjöllunar hugmyndir varðandi uppbyggingu útivistar- og íþróttamannvirkja á Breiðabólstaðaeyri.
10. Samningur þessi gildir til 31. desember 2017. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á honum á samningstímanum.

Garðabæ,..... 2014

F.h. Garðabæjar

F.h. Hestamannafélagsins Sóta

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

NN
formaður